

## Hugleiðingar ritstjóra

Undirstöður húsa okkar eru traustar, en eru undirstöður félags og hagsmunastarfs Samtaka aldraðra og annarra gamlingja styrkar og traustar? Nei og aftur nei, störf okkar við að skapa skilning og traust hjá stjórnvöldum hefur mistekist. Það má rétt vera hjá fyrrverandi sveitarstjórnarmanni að „stjórnámálemenn nú, hafa engan áhuga á málefnum aldraðra því lífsgæði manna hafi aukist svo að til stórvandræða horfir“. Ef rétt er þá er áhugaleysið gamall drungi sem gamlingjarnir verða eyða svo hægt verði með reisu og virðingu að mæta þörfum tvöfalt fleiri aldraðra, eftir 24 ár.

Guð hjálpi Íslandi, hann eða hún hefur gert það áður. Þökk sé Guði.

Núverandi stjórn Samtaka aldraðra endurspeglar auðvitað ekki það aflþol sem nútíma undirstöður bygginga verða að standast. Við ræðum þó málin hiklaust án þess að væla og vola. Okkur er sama um væl og vol viðmælanda. Við mætum á samræðu vettvangi á jafnréttis grundvelli. Það er svo gaman og gefandi. Sérstaklega er hlýjandi að vita að hvert eitt lýjandi spor getur bætt ævikvöld kynslóðanna sem koma í aftanskinið í kjölfar okkar.

Við hjá Samtökum aldraðra viðurkennum fúslega að gagnrýni okkar m.a. um tekjutengingar, já og mörg önnur atriði hafa haft léttvæg áhrif á stjórnámálemenn, á þingi og sveitarstjórnnum. En við megum ekki gefast upp.

Þá ber líka að mati okkar margra að horfa til þess að yngri hópar millistéttarinnar gera starfsálag stjórnámálanna svo mikið að ekki er tími til annarra verka.

Þetta andrúm skilja gamlir, manna best, því flestir hafa verið mjög uppteknir við að gefa börnum sínum að borða, klæðast og menntast, meðan styrkir stjórnmála voru lítil sem engin og afgreiddir í reykfylltum bakherbergjum, þar sem fáir sáu til. En vonandi hefur þrátt fyrir allt, er lagður kjölur að einhverri framtíðar fleytu. Í Morgunblaðinu 3.4.2013 var viðtal við formann í tilefni þess að borgarfulltrúar Sjálfstæðismanna höfð lagt fram tillögu um að borgin einhenti sér í að hafa tiltækar lóðir fyrir þjónustuíbúðir fyrir



Núverandi stjórn SA. Aftari röð fv.: Páll Jónsson, Ingvar Georgsson, Valur Sigurbergsson, Ingólfur Antonsson og Erling Garðar Jónasson. Fremri röð fv.: Erna Fríða Berg og Dóra Sif Wium.

aldraða. Þar kom fram; að Samtökum aldraðra hefur gengið erfiðlega að fá lóðir í Reykjavík síðustu ár að sögn formanns samtakanna. Formaðurinn sagði að félagið hafi fengið lóðina Sléttuveg 29-31 afhenta í ársbyrjun 2009 og hófust framkvæmdir þá þegar og þeim lauk á áætluðum tíma og kostnaði sem var undir áætluðu verði, þrátt fyrir kreppu og kulda á fasteignamarkaði.

# Loksins, biðin hefur verið ópolandi

Gleði okkar og gáski í stjórn Samtaka aldraðra var á verulega háu plani þegar samþykkt var einróma í borgarráði fimmtudaginn 3. Apríl 2014 tillaga meirihlutans um að veita annars vegar vilyrði til Félags eldri borgara fyrir 50 íbúða uppbyggingu í Mjódd og hins vegar vilyrði fyrir allt að 50 íbúða uppbyggingu á vegum Samtaka aldraðra við Bólstaðarhlíð. Hinsvegar er gleðin blönduð þeirri eftirsjá að ekki var meirihluti fyrir þeirri niður stöðu sem við vonuðumst eftir. En kærar þakkir fyrir bitann Borgarráð. sérstaklega er Björk Vilhelmsdóttir formanni Velferðaráðs og Hrólfí Jónssyni Mannvirkjastjóra færðar innilegar þakkir fyrir samstarfið í Bólstaðarhlíðarmálum.

Áður höfðu breytingartillögur Sjálfstæðisflokksins um að jafnframt yrðu teknar frá lóðir á þessum svæðum til þess að hægt yrði að bæta við 50 íbúðum til viðbótar síðar meir á hvorum stað fyrir sig verið felldar.

## Til marks um skammsýni

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir afstöðu meirihlutans til marks um skammsýni og virðingarleysi fyrir málefnum eldri borgara. Kjartan segir að breytingartillögurnar hafi verið í samræmi við áður markaða stefnu borgarinnar og vísar til þess að þegar þjónustumiðstöðvar aldraðra hafi verið byggðar á sínum tíma hafi verið haft gott rými í kringum þær, svo að þar yrði hægt síðar meir að bæta við þjónustuíbúðum.

»Það er ljóst að eftir því sem fleiri nota þjónustuna á hverjum stað, þeim mun hagkvæmari verður viðkomandi þjónustumiðstöð,« segir Kjartan. Í því skyni hafi verið teknar frá lóðir til síðari tíma uppbyggingar, sem sé til mikilla hagsbóta fyrir eldri borgara. Það hafi verið gæfa borgarinnar að hér hafi verið öflug samtök aldraðra sem hafi reist þessar íbúðir fyrir eigið fé, og fengið á móti góðar lóðir frá borginni. Hins vegar hefði meirihlutinn ekkert gert í úthlutunum til aldraðra á þessu kjörtímabili fyrr en nú, stuttu fyrir kosningar. Kjartan tekur fram að sjálfstæðismenn styðji úthlutun lóðanna, en hefðu viljað að meira yrði að gert. »Við viljum að menn sýni meiri framsýni og veiti þeim þá vilyrði fyrir fleiri íbúðum til síðari uppbyggingar.« Kjartan segir það algjörlega ljóst að eftirspurn eftir þjónustuíbúðum aldraðra muni aukast mikið á næstu árum, og því muni þurfa meiri uppbyggingu til þess að koma til móts við væntanlega eftirspurn.

Kjartan tekur fram að með því sé ekki dregið úr mikilvægi þess að fjölga framboði á lóðum fyrir yngra fólk. Hins vegar séu mýmörg tækifæri til þess annars staðar í borginni. Þá myndi sérhver þjónustuíbúð aldraða losa um íbúð annars staðar fyrir yngra fólk.



Bólstaðarhlíð. Hús Samtakann, þjónustusel Borgarinnar tengir húsin saman. Nýja lóðin í forgrunni.


## Unnið í samráði við FEB

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir viðbótar-tillögur Kjartans Magnússonar við lóðaúthlutanir meirihlutans vanhugsaðar. Þær hefðu gengið út á að halda mjög góðum byggingasvæðum til hliðar í stað þess að fara þar í uppbyggingu leiguíbúða, búseturéttaríbúða eða stúdentaríbúða sem mikil þörf er fyrir. »Það getur varla talist skynsamlegt að láta góðar lóðir standa auðar og óbyggðar árum eða áratugum saman við núverandi aðstæður.« Vilyrðin til Félags eldri borgara og Samtaka aldraðra fyrir allt að 100 nýjar íbúðir byggist á viðræðum og sameiginlegri vinnu. »Þetta eru hvort tveggja mjög jákvæðir áfangar í uppbyggingu íbúða í borginni, og í samræmi við samþykktu húsnæðisstefnu borgarinnar,« segir Dagur. Hann bætir við að lóðaúthlutanirnar til eldri borgara séu liður í heildstæðri uppbyggingaráætlun í húsnæðismálum þar sem byggja eigi fjölbreyttar íbúðir fyrir allan aldur. »Það er líka brýnt að byggja fyrir yngri kynslóðirnar. Þar þarf ekki síður að hafa hraðar hendur.« Aðspurður segir hann að þessar viðbótar-tillögur Sjálfstæðisflokksins hafi í sínum huga verið vandræðaleg tilraun til yfirboðs í stað þess að sjálfstæðismenn gætu einfaldlega glaðst yfir góðum málum. Mbl. 07.04.2014

Gleðitár streyma, svo erfitt er að skrifa, sérstaklega þegar ég les »Það getur varla talist skynsamlegt að láta góðar lóðir standa auðar og óbyggðar árum eða áratugum saman við núverandi aðstæður«

Hér hlýtur Dagur m.a. að eiga við lóðina Skógarvegur 16 sem valinkunnir gamlingjar fengu úthlutað skömmu eftir





Hugmynd af nýju byggingarsvæði Bólstaðarhlíðar/Stakkahlíðar. Gula húsið á teikningunni stendur á vilyrtri lóð.

aldamót, en skiluðu aftur 2009. Strax eftir skil lóðarinnar sótti Samtök aldraðra um lóðina, sem er í næsta nágreni við Sléttuveg 29-31. Enda voru um 200 umframumsóknir um íbúðir á Sléttuveg 29-31. Deiliskipulag heimilar byggingu 20 íbúða á Skógarvegi 16. Eftir kynningarfund sóttu 64 félagar um að verða byggjendur þessara íbúða. Borgarráð

afgreiddi umsóknina með orðalaginu; „að hún yrði send embættismönnum sínum til afgreiðslu“. Þrátt fyrir óteljandi munnlegar og skriflegar fyrirspurnir til stjórn mála og embættismanna síðan, hafa ekkert marktækt svar borist til Samtaka aldraðra. Auðvita munum við hefja spurningarflóðið aftur.

## Byggingarflokkur 2K Kópavogi



Þá er eftirvænting mikil vegna næsta byggingarflokks Samtaka aldraðra að Kópavogsgærði 5-7. Þar sem byggðar verða 22 íbúðir. Fundur með áhugasömum verður haldinn þegar hönnun og heimildir hafa verið samþykktar og liggja fyrir, sem vonandi verður fljótlega.



Frá vinstri: Guðmundur Hallvarðsson, Sjómannadagsráð, Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra og Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar.

## Viljayfirlýsing um að efla þjónustu við aldraða

Velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa lýst yfir vilja sínum til að fjölga hjúkrunarrýmum og efla þjónustu við aldraða í Reykjavík á árunum 2013-2020. Samkomulag þess efnis var undirritað í síðustu viku af velferðarráðherra, Guðbjarti Hannessyni, Degi B. Eggertssyni staðgengli borgarstjóra og Guðmundi Hallvarðssyni, formanni Sjómannadagsráðs. Í ljósi hlutfallslegrar fjölgunar aldraðra á komandi árum mun þörf fyrir hjúkrunarrými í Reykjavík aukast sem og eftirspurn eftir þjónustu í heimahús. Mikilvægt er að undirbúa vel þá uppbyggingu og þjónustu sem nauðsynleg er í málefnum aldraðra í Reykjavík. Með yfirlýsingunni er lýst yfir vilja til að reisa 88 rýma hjúkrunarheimili við Sléttuveg. Gerður verður samstarfssamningur milli Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytis og Sjómannadagsráðs um starfsemi hjúkrunarheimilisins áður en framkvæmdir hefjast vorið 2014. Reykjavíkurborg og Sjómannadagsráð hafa áður undirritað þjónustusamnings vegna rekstrar þjónustukjarna fyrir eldri borgara við Sléttuveg og leigu á 20 þjónustuíbúðum í þjónustuíbúðakjarna Hrafnistu þar. Í Seljahlíð hefur verið í undirbúningi tilraunaverkefni á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í samvinnu við velferðarráðuneytið en í því felst nýr valkostur fyrir aldraða í þjónustu- og búsetumálum. Í stað þess að íbúi flytji á hjúkrunardeild frá þjónustuíbúð koma til greiðslur vegna umönnunar frá ríkinu en þannig

mun þjónustan fylgja einstaklingnum og fullt sjálfstæði einstaklinga verður tryggt. Þjónustuíbúð getur þannig orðið að hjúkrunarrými ef þörf er á án þess að viðkomandi þurfi að flytja. Þá felst í yfirlýsingunni að rekin verði dagdeild fyrir heilablaða í Fróðengi, nýrri þjónustumiðstöð sem Reykjavíkurborg byggir í samvinnu við Eir. Reykjavíkurborg og velferðarráðuneytið lýsa einnig yfir vilja til að fara í samstarf um öflugri heimahjúkrun svo að mögulegt sé að þjónusta fleiri heima. Reykjavíkurborg tók við rekstri heimahjúkrunar árið 2009 samkvæmt þjónustusamningi við ríki og hefur styrking þjónustunnar gengið vel. Er með auknu samstarfi stefnt að margvíslegri frekari þjónustueflingu til hagsbóta fyrir íbúa í heimahúsum. Samhliða ofangreindu munu velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa forgöngu um skipan starfshóps sem taki til starfa á árinu með þátttöku háskólasamfélagsins. Starfshópnum er ætlað að meta þjóðfélagsleg áhrif fjölgunar aldraðra og gera tillögur að viðbrögðum, s.s. áætlun um þörf fyrir uppbyggingu hjúkrunarrýma, eflingar þjónustu í heimahúsum, sveigjanlegum dagþjálfunarúræðum og þjónustuíbúðum/öryggisíbúðum fram til ársins 2020.

Viljayfirlýsingin var undirrituð 02.05.2013

# Sagan endalausar um Þjónustusel aldraðra við Sléttuveg

**Seljahlíðar tilraunaverkefni á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í samvinnu við velferðarráðuneytið, hefur staðið yfir um langan tíma. Því hljóta niðurstöður að liggja fyrir innan skamms. Í því felst nýr valkostur fyrir aldraða í þjónustu- og búsetumálum, sem ætti að getað lækkað umönnunar kostnað. Í stað þess að íbúi flytji á hjúkrunardeild frá þjónustuíbúð koma til greiðslur vegna umönnunar frá ríkinu en þannig mun þjónustan fylgja einstaklingnum og fullt sjálfstæði einstaklinga verður tryggt. Þjónustuíbúð getur þannig orðið að hjúkrunarrými ef þörf er á án þess að viðkomandi þurfi að flytja.**

Þann 8. október 2006 skrifuðu fulltrúar Reykjavíkurborgar og Sjómannadagsráðs Hrafnistu undir viljayfirlýsingu um byggingu þjónustukjarna við Sléttuveg ásamt 100 þjónustuíbúðum.

„Reykjavíkurborg og Sjómannadagsráð/Hrafnista munu gera samning um þá þjónustu sem íbúar í þjónustuíbúðunum og í hverfinu eiga að fá í þjónustukjarnanum. Með sama hætti munu Reykjavíkurborg og Sjómannadagsráð/Hrafnista gera samning um þá þjónustu sem Sjómannadagsráð/Hrafnista á að veita í íbúðunum. Reykjavíkurborg ákveður í báðum tilvikum hvaða þjónustu skuli veita.“

12. júní 2007 var samningur undirritaður við Reykjavíkurborg um veitingu lóðar, byggingarétt og byggingu þjónustukjarna sem þá var gert ráð fyrir að væri um það bil 2200 m<sup>2</sup>. Sama dagssetning er á bréfi sem sent var til þáverandi heilbrigðisráðherra og afrit þess bréfs sent félagsmálaráðherra. Í niðurlagi bréfsins segir: „Er þess hér með farið á leit við heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið að upp verði teknar viðræður vegna áætlunar Sjómannadagsráðs/Hrafnistu um byggingu fyrirhugaðs hjúkrunarheimilis við Sléttuveg svo og annarra félaglegra þátta er varða sameiginlega hagsmuni aldraðra og ríkisins.“ Aftur var heilbrigðisráðherra sent bréf vegna hjúkrunarheimilis við Sléttuveg 7. september og 24. október 2007. Fulltrúar Reykjavíkurborgar og DAS hittust oft og unnu að forsögn vegna þjónustukjarnans og komu fyrstu drög og tillögur fram í febrúar 2007 og endurbætt útgáfa í júní 2007 þar sem fermetrafjöldi ýmissa þjónustuþátta var sundurgreindur og áætluð stærð þjónustumiðstöðvarinnar 2533 fermetrar.

Áfram var fundað um stærðir og fermetra og voru fulltrúar Reykjavíkurborgar farnir að tala um færri fermetra og

minni byggingu en með bréfi dags. 20. ágúst 2008 frá félagsmálaráðherra um uppbyggingu hjúkrunarrýma á landsvísu til ársins 2012 og þess getið að samkvæmt áætluninni væri gert ráð fyrir 60 rýma hjúkrunarheimili við Sléttuveg, breytist afstaða manna með í huga sameiginleg rými í þjónustukjarnanum einnig fyrir hjúkrunarheimilið. En svo kom nýr ráðherra með nýjar áherslur á byggingu og fjármögnun hjúkrunarheimila á landsbyggðinni og þá ekkert á blaði um byggingu hjúkrunarheimilis við Sléttuveg. Því nefni ég hjúkrunarheimilið svo oft hér í þessari grein að Reykjavíkurborg og Sjómannadagsráð eru á sama máli um þann ávinning og hagræði sem fæst með skipulagi innviða þjónustumiðstöðvar í samtengingu við væntanlegt hjúkrunarheimili. Heilbrigðisráðherra gaf það út í október 2013 að framkvæmdum við hjúkrunarheimilið við Sléttuveg hafi verið slegið á frest. Því miður er ekkert hægt að vinna fram fyrir sig varðandi teikningar og innra skipulag þjónustustöðvarinnar fyrr en formleg staðfesting ráðuneytisins liggur fyrir um framkvæmdaleyfi. Borgarráð hefur samþykkt að framkvæmdir við þjónustukjarna fyrir eldir borgara við Sléttuveg hefjist ekki fyrr en heimildir liggja fyrir varðandi byggingu hjúkrunarheimilisins.

Á fundi borgarráðs 9. október 2013 var eftirfarandi samþykkt: Borgarráð telur ekki forsendu fyrir uppbyggingu þjónustumiðstöðvar við Sléttuveg ef ekki næst samningur við velferðarráðuneytið um uppbyggingu hjúkrunarheimilis við Sléttuveg samhliða.

Skrifað 29.04.2014.

Guðmundur Hallvarðsson

formaður Sjómannadagsráðs





Kópavogsgærði 5-7

## Eru eldri borgarar baggi á bökum stjórn mála elítunnar?

Eftir að forkurinn Páll Gíslason læknir og borgarfulltrúi og duglegir kollegar hans töldu að nýir máttarstólpar, borgarinnar tækju við málsvörn öldrunarmála, kom fljótt í ljós að aldraðir áttu fáa pólitíska málsvara í borgarstjórn. Sama var uppi í ríkisstjórnnum að vera skildi Jóhanna Sigurðardóttir þegar hún var félagsmálaráðherra, en það eltist af henni í takt við auknið foræði þegar hún hirti af okkur 17 miljarða krónur í kreppunni í aukaskatt og skerðingar. Skerðingar ráðherra og þingmanna voru endur- greiddar, en auðvitað ekki gamlingjunum. Munum að Ísland er ríkt land af verðmætum gæðum sem getur veitt okkur allt sem við þurfum og meira til. Svo sem að fullnægja dekurmálum sérsinna í lista og menningarmálum og ýmislegt annað sem landsmenn hafa gert og haft gaman af og jafnvel það sem virðist abstrakt fyrir tilverunna. En líka ýmislegt

sem var mjög gaman að byggja eða reisa, en síður en svo ánægjulegt að reka, s.s Tónlistarhöllina Hörpu. Ég tel af ýmsum ástæðum sé fróðlegt fyrir félaga í Samtökum aldraðra að kynnast hugsjónum þeim sem bærðumst um í brjóstum þeirra sem urðu fyrst varir við það einelti og afskiptaleysi sem einkennt hafa stjórn málamenn Reykjavíkur síðustu 20 ár eða svo. Síðan má taka undir með Jóhannesi Katlaskáldi um slíkar blindgötur líf skjara:

Verklaus – félaus örðugt er að hjara.  
Ölmusurnar lítið þó betur fara.  
Ströng og Guðhrædd leiðsögn lýðsins kjara  
Lögmál hinnar réttu trúar kann.  
Fyrsta boðorð; þegar þarf að spara,  
þá skal ráðist fyrst á öreigann.

---

## Munið aðalfund Samtaka aldraðra föstudaginn 15. maí kl. 13:30.

Sjá nánar í auglýsingu á baksíðu.

# Lög um málefni aldraðra

## 1999 nr. 125 31. desember

### Markmið og skilgreiningar.

1. gr. Markmið þessara laga er að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanþjónusta þegar hennar er þörf. Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

### Aðferðaformúla, Vistunarmatsnefndar Hjúkrunarheimila.

Formaður sjómannaþingsráðs Guðmundur Hallvarðsson spurði Vistunarmatsnefnd:

Hve margir sjómenn hafa óskað eftir að njóta hjúkrunarþjónustu Hrafnistu við vistunarbeiðni?

Svar; Sæll aftur Guðmundur. Nefndin hefur fjallað um erindi þitt og hér er svarið.

Þegar fólk fær samþykkt Færni- og heilsumat er það beðið um tilnefna sem flesta staði og helst ekki minna en fjóra staði. Það er gert, þar sem líkur á því að varanleg dvöl bjóðist vaxa með fjölda staða, eins og trompmiði í happdrætti eykur líkur á vinningi umfram einn miða. Með þessu er ekki verið að biðja um forgangsröðun frá nr. 1 og niður, þar sem nefndin fer jafnan ekki eftir því sérstaklega. Óhjákvæmilega þarf fólk að nefna staðina í einhverri röð en gengið er út frá

því að fólk þiggi rými á þeim stöðum sem það nefnir, áháð röð. Þegar rými opnast er farið eftir öðrum þáttum, svo sem því hverjar lífshorfur eru á kvarðanum 0-10 (reiknilíkan sem tekur inn stigafjölda, aldur og kyn og byggir á 10 ára uppgjöri vistunarmatsins), sérstakri neyð og því hvort viðkomandi sé svo veikur að hann þurfi að bíða á sjúkrahúsi. Loks er reynt að horfa til tímalengdar biðar, ef varanleg dvöl dregst á langinn. Ef fólk hafnar rými á stað sem býðst, er litið svo á að fólk treysti sér til þess að bíða lengur eftir varanlegri dvöl. Þeir sem velja einn stað eingöngu þurfa að jafnaði að bíða lengst. Þetta eru sjónarmið FHM nefndar almennt talað. Þar að auki heldur nefndin ekki sérstaklega utan um röð staðanna heldur birtist biðlisti hvernar stofnunar í Stika kerfinu. Þá má benda á það, að vallistar (fólk breytir og víxlar oft og tíðum vali sínu á hjúkrunarheimilum) og biðlistar taka stöðugum breytingum.

Með kveðju, fyrir hönd færni- og heilsumatsnefndar Álfhildur Hallgrímsdóttir,

Birt með heimild Guðmundar Hallvarðssonar forstjóra DAS sem er skammstöfun á Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Nefndin svarar spurningunni ekki, en ljóst er að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sem óska vistunar er ekki virtur. Kýrskirt er í svari að dauði eins gefur rými fyrir annan í Reykjavík eða á Raufarhöfn. Svona rugl með líf annarra er til skammar fyrir Alþingi. Guð hjálpi Íslandi í þessari kreppu, því það virðist sem Guð gerði það í síðustu kreppu. Amen. Mottó; Með lögum skal land byggja, svo lengi sem þægilegt þykir fyrir embættismenn og Alþingi situr í sínum þægindaramma.

## Húsnæðismál, hvað vilja aldraðir?

Í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir bæjarstjórn Árborgar vorið 2002 komu fram óskir aldraðra. Svarhlutfall í þessari könnun var 77% sem bendir til þess að niðurstöður séu áreiðanlegar. Svör fengust frá 77 íbúum en meðal-aldur þeirra var 76,2 ár, konur 60%, en karlar 40%. 73% svarenda eru giftir eða í sambúð en aðrir búa einir.

Mikill meirihluti þeirra sem svöruðu vilja búa sem lengst heima, með eða án heima þjónustu, eða 86%. Næsti kostur,

sem rúmlega 10% kusu, er þjónustuíbúð, þar sem borguð eru þjónustugjöld, með sólarhrings viðveru þjónustufólks. Fæstir, eða 1%, vilja vera á dvalarheimili sem rekið er á daggjöldum frá ríkinu. Þessi niðurstaða er mjög í anda þess sem aðrar kannanir á Íslandi og á Norðurlöndunum hafa leitt í ljós. Því hefur stefna í öldrunarþjónustu verið að þróast í þá átt að aldraðir geti búið sem lengst heima með heimaþjónustu og síðan í þjónustuíbúðum þar sem íbúar greiða fyrir þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda.

# Óseldar íbúðir í maí

## Sléttuvegur 23, íbúð 405

- 3ja herbergja íbúð á 4. hæð, merkt 04-05, er til sölu. Íbúðin er 92,8 m<sup>2</sup>. Sér geymsla er í kjallara 6,8 m<sup>2</sup>.
- Parket úr eik er á stofu, herbergjum, og gangi. Vinyl öryggisdúkur á baði og þvottahúsi..
- Innihurðir, eldhúsinnrétting og skápar eru spónlagðir með eikarspæni.
- Keramik helluborð. Bakarofn. Háfur yfir helluborði.
- Uppþvottavél og ísskápur með frystir frystir fylgir með.
- Baðherbergisveggir eru flísalagðir í hæðina 210 cm. Innrétting er með innbyggðri handlaug. Sturtuklefi úr áli og hertu gleri.
- Svölum er lokað með hertu gleri. Svalagólf er flísalagt.

Íbúðin er í mjög góðu standi. Glæsilegt útsýni.

Framreiknað verð er kr 35.020.000,-. Miðað er við byggingarvísitölu fyrir mars 2014, 595,9 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

## Kópavogstún 4 - íbúð 204

- Ný rúmgóð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð, merkt 02-04, er til sölu ásamt stæði í upphitaðri bílgeymslu. Birt flatamál íbúðar er 125,9 m<sup>2</sup>. Geymsla á jarðhæð 6,9 m<sup>2</sup>
- Parket úr eik er á stofu, herbergjum, eldhúsi og gangi. Flísar á gólfi baðherbergis, gestasalernis og þvottahúss.
- Innihurðir, eldhúsinnrétting og skápar eru spónlagðir með eikarspæni.
- Keramik helluborð. Háfur er yfir helluborði. Bakarofn í vinnuhæð frá AGE.
- Uppþvottavél og ísskápur með frysti frá AGE fylgja með.
- Baðherbergisveggir eru flísalagðir í hæðina 210 cm. Innrétting á baði er með innbyggðri handlaug. Sturtupil er úr hertu gleri.
- Rúmgott þvottahús og gestasalerni eru í íbúðinni..
- Svölum er lokað með hertu gleri.
- Rúmgóðar svalir 16,2 m<sup>2</sup>, lokaðar af með hertu gleri.

Íbúðin er ný. Glæsilegt útsýni í suður og vestur.

Framreiknað verð er kr 45,280,000,-.

Miðað er við byggingarvísitölu fyrir mars. 2014, 118,9 stig.

## Aflagrandi 40, Íbúð 501

3ja herbergja íbúð á 3ju hæð, merkt 05-01 er til sölu. Íbúðin er 80,1 m<sup>2</sup>.

Sérgeymsla 3,5 m<sup>2</sup> er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla.

- Á stofu, svefnherbergi, herbergi, eldhúsi, gangi og geymslu er nýlegt eikarparket. Flísar á baðgólfi.
- Nýleg hvít eldhúsinnrétting. Opnun inn í stofu. Borðplötur með harðplasti.
- Wirpool helluborð og bakaraofn. 85 cm ísskápur fylgir með.
- Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni.

- Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri nýlegri handlaug. Veggir eru flísalagðir í h=220 cm.
- Nýleg þvottavél fylgir með. Sturtuhorn úr áli og hertu gleri.
- Svölum er lokað með einföldu gleri. Gólfíð er flísalagt.
- Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara.
- Gott útsýni í suður og vestur.

Framreiknað verð er kr 28.370.000,-.

Miðast við byggingarvísitölu í apríl 2014. 601,2 stig.

Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

## Umhugsunarvert

Hjúkrunarrými á landinu öllu eru 2432 árið 2013, þar af 1508 á höfuðborgarsvæðinu, skortur rýma er ekki undir 200 nú. Má því draga þá ályktun að þörfin 2040 verði að minnsta um 5500 rými vegna rúmlega tvöföldunar fjölda aldraðra frá 2013. Ljóst er að á grundvelli núverandi laga, reglna og óbreyttum fjölda þjónusturýma sem einstaklingar og félög hafa byggt á ári hverju, að byggja þurfi um 3000 rými fram til 2038. Heildarkostnaður bygginga fyrir þessi rými, áætlað ritstjóri nú um 70 miljarða króna og húsbúnaðar 30 miljarðakróna, samtals um 100 miljarða króna, þá er miðað við 75m<sup>2</sup> kröfuna. Athugið að í viðbót, þarf hvíldar og þjálfunar rými. Svo




Sýnishorn umhyggjunnar í nefsköttum samtímans.

skilaboðin eru, förum strax að safna aurunum svona ca. 4 miljörðum króna á

ári. Þetta ætti að verða auðvelt, því allt sem þarf, er bara að skipta um lit.



# Nokkur augnablik úr sögu Kópavogstúns 2-4.







Sigurður Ámundarson, Erling Garðar Jónasson, Guðmundur R Guðmundsson, Ingólfur Antonsson, Valur Sigurbergsson, Páll Jónsson, Dóra Sif Wium, Erna Fríða Berg, Magnús Sigurðsson og Gísli Bogason.

### Framkvæmdarstjórnin

## Ávarp Ingólfs Antonssonar við afhendingu íbúða Kópavogstún 2-4, 15 ágúst 2013


Samstarf við Dverghamra hófst haustið 2011. Búið var að teikna 28 íbúða fjölbýlishús á lóðinni. Teikningar voru aðlagðar óskum Samtaka aldraðra. M.a. voru stæði í bílgeymslu breikkuð, snjóbræðsla sett í bílaplan og innkeyrslu að bílgeymslu, farið yfir teikningar af innréttingum, hurðir breikkaðar, hiti settur í baðherbergisgólf, svölum lokað ofl.

Arkitekt hússins er Kristinn Ragnarsson.

Burðarvirki, pípulagnir og loftræsilagnir teiknaði Sveinbjörn Hinriksson tæknifræðingur. Raflagnateikningar komu frá Mannvit hf. Eftirlit sá Ingólfur Antonsson tæknifræðingur um. Lóðin var hönnuð hjá Teiknistofunni Storð. Aðal verktaki Dverghamrar ehf. Byggingarstjóri. Guðmundur R. Guðmundsson. Múrameistari. Guðbjörn Snæbjörnsson . Rafvirkjameistari. Guðjón Guðnason, fyrirtækið heitir Rafvangur. Pípulagnir unnar af Kraftlögnum. Málningarvinna. Verkfar, Blikksmíði. Blikksmíði ehf, Hafnafirði. Kosnir voru þrír fulltrúar byggjenda á fundi sem haldin var í safnaðarheimili Kópavogskirkju til að fylgjast með framkvæmdum. Kjörnir voru Jóhanna M . Guðnadóttir, Sigurður Kjartansson og Jón M. Magnússon. Mánaðarlega höfum við hist, fulltrúar byggjenda, og samtakanna þeim Ingvari Georgssyni, Vali Sigurbergssyni og Ingólfi Antonssyni.

Fyrir Dverghamra ehf Guðmundur og Magnús. Kostnaðareftirlit var á hendi Karls Birgissonar verkfræðings hjá Mannvit h.f og Ingólfi Antonssyni fyrir samtökin.

Arion banki kom að fjármögnun og sá um greiðsluþjónustu.



Ingólfur Antonsson

# Ávarp formanns við afhendingu íbúða Kópavogstún 2-4

Ágætu félagar, byggjendur og gestir, stjórn Samtaka aldraðra bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin til íbúðaafhendinga í þessu glæsilega húsi, Kópavogstúni 2-4. Húsið er sex hæðir byggt af byggingarfélaginu Dverghamrar ehf. í samvinnu við Samtök aldraðra. Í húsinu eru 28 íbúðir, 30 stæði í bílgeymslu, þvottastæði, dekkjageymsla og geymslur. 8 tveggja herbergja íbúðir, 18 þriggja herbergja íbúðir og tvær toppíbúðir á 6. hæð. Sala íbúða hefur gengið vel, þó eru enn 2-3 í biðstöðu. Það var einkum tvennt sem réði vali Samtaka aldraðra á byggingu húss á þessum stað, en það var staðsetning í næsta nágrenni við þjónustu og hjúkrunarheimili og frábært umhverfi, náttúrufrægur á að líta úr hverjum glugga. Fyrri atriðið er reyndar grundvöllur þjónustuíbúða og ætti að leiða til þess að geta búið við nauðsynlegt öryggi sem lengst. Lög um málefni aldraðra 1999 nr. 125 segir í fyrstu gr.: Markmið þessara laga er að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanþjónusta þegar hennar er þörf. Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur. En þetta markmið hafa Samtök aldraðra í reynd haft að leiðarljósi frá upphafi. Fyrsta skóflustungan var tekin af Guðríði Arnardóttur formanni bæjarráðs Kópavogs 26. janúar 2011.

Sóknarprestur Kópavogskirkju Séra Sigurður Arnarson stjórnaði þeirri athöfn og bað um blessun Guðs og velferð vegna framkvæmdanna og væntanlegra íbúa húsanna. Guðríður tók nokkrar auka skóflustungur til að flýta



*Dverghamrarnir, Magnús Sigurðsson og Guðmundur R. Guðmundsson.*

verklokum og því loknu flutti hún hamingjuóskir fyrir hönd Kópavogsbæjar.

Í aðdraganda byggingarsamninga milli Dverghamra og Samtaka aldraðra, fóru fram margir formlegir og óformlegir fundir m.a. með fulltrúum bæjarráðs Kópavogskaupstaðar um almenna og lögbundna þjónustuskýldur við eldri borgara og síðan fundur með stjórn Sunnuhlíðar-samtakanna um sama efni og þjónustugetu þeirra. Var öllum óskum Samtaka aldraðra vel tekið og ljóst er að íbúar munu eiga kost allri þeirri þjónustu sem í boði er hjá þessum aðilum. Áætlað var að skila húsinu til byggjenda um miðjan nóvember 2013, en verktakinn Dverghamar ákvað að flýta afhendingu.

Til hamingju Kópavogur, til hamingju byggjendur og félagar Samtaka aldraðra með þetta glæsilega hús.





# Sumir eru betri en aðrir

„Það á ekki að ráðstafa gömlu fólki eins og hlutum“. Eldri kynslóðin hefur byggt upp allt sem er í þessu landi nú, staðið undir kostnaði við hafnargerð, vegina, atvinnutækin með sínu vinnuframlagi. Það á að hafa rétt á því að lifa sín efri ár með reisn og fá að halda fullum sjálfsákvörðunarrétti. Það er lyklatríði ef við ætlum að halda uppi þessu þjóðfélagi. Það á ekki að skylda eldri borgara til að búa í litlum íbúðum ef þeir hafa efni á stærra og vilja til að búa stærra. Verndaðar þjónustuíbúðir eru framtíðarlausnin í mínum huga, þar sem menn eiga að fá eðlilega aðstoð eins og sjálfsgöðan hlut en ekki eitthvert náðar brauð“.

Þetta segir í viðtali við Ásgeir Jóhannesson f.v. formanns Sunnuhlíðarsamtakanna sem birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 29. september, 1990.

„Það sem skiptir sköpum í framtíðaruppbyggingu og skipulagi í þessu er að fólk hafi skilning á því að það er flestum fyrir bestu að búa



Öldrunarálma Borgarspítala byggð fyrir fé frá Framkvæmdarsjóði aldraðra, en öldruðum hefur verið hent út...Allstaðar skulu aldraðir rændir....lengra fæðingar orlof....já... já takk segja atkvæðin ungu og mörgu.

á eigin vegum, því það er ekki góður kostur að þurfa að lenda inni á stofnun þegar fólk hefur kannski tiltölulega góða heilsu. Því líður ekki vel innan um mikið veikt fólk ef það er sjálfbjarga að mestu leyti. Í vernduðum íbúðum eins og hér geta þeir valið þjónustuna og hafnað án þess að fórna einu né neinu af sínum karakter. Og svo er þetta langóðyrast fyrir samfélagið, ekki

síst frá byggðasjónarmiði. Við verðum líka að fylgjast með tímanum. Þegar ég var ungur maður í skóla eða vinnu þótti gott að fá herbergi með öðrum. Nú sættir ungt fólk sig ekki við minna en litla íbúð. Það sama gildir um eldri borgarana. Og hverjir eiga betur skilið en þeir að búa við skuldlaust, gott og skemmtilegt ævikvöld,” sagði Ásgeir Jóhannesson í lok viðtalsins.

## Frá aðalfundi samtakanna 3. apríl 1997

Skoðum fundargerðarbók samtakanna eftir að við tók „Ströng og Guðhrædd leiðsögn lýðsins kjara“ í borgarstjórn Reykjavíkur nýrra sjónarmiða, sem senn ráða ferð hvað varðar málefni aldraðra vegna yfirtöku öldrunarmála frá ríki, en virðist þó um leið vera smitgjafi afskiptaleitis unglinga Alþingis og stjórn mála flokkanna yfirleitt.

Það er sem þessi fundur hafi verið í dag. Þess vegna er kýrskirt að hagsmunasamtök aldraðra hafa brugðist í samræðum við stjórnvöld og ekki verið „Ströng og Guðhrædd í leiðsögn lýðsins kjara“ Svo er víst sem skynja og skilja má.

Borgarstjóri Rvk. Ingibjörg Sólrún, sat fundinn. Frjálsar umræður!

### Fundarstjóri. Góðir félagar.

Mér finnst á þessum aðalfundi S.A ekki annað hægt en að minnast á hagsmunamál okkar sem á tyllidögum og við betri tækifæri erum nefnd eldri borgarar en annars er notað nafnið Ellilífeyrisþegar, eða byggendur og byrði á þjóðfélaginu. Því verður varla á móti mælt að stjórnvöld sem nú eru við völd og við kusum til að fara með stjórn landsins og að sjálfsögðu standa vörð um og hlúa að hagsmunamálum okkar hefur

valdið okkur miklum vonbrigðum. Margar spurningar leita á hugann varðandi vonbrigði okkar svo sem: Halda stjórnvöld að við séum svo kölluð að við tökum ekki eftir orðum þeirra og gjörðum? Halda stjórnvöld að við fylgjumst ekki með hvernig þeir efna orð sín og loforð.? Halda stjórnvöld að við tökum ekki eftir að þau virða ekki og forðast að minnast á að okkar kynslóð skilaði góðu búi í þeirra hendur og þeir eru jafnvel svo forhertir að þeir kenna okkur um að allar

skuldir samfélagsins í dag séu okkar verk og viðskilnaður, en gleyma að líta í eigin barm varðandi það sem skeð hefur undanfarin ár? Halda stjórnvöld að við tökum ekki eftir eða skiljum ekki hvert hinir yngri stjórnámálmenn í þeirra röðum stefna með hinni ísköldu svonefndri frjálshyggju þar sem gildi fjármagns er ofar öðrum gildum og virðast halda að öll auðæfi og peningaleg eigna sé í eigu eldra fólks og úr þeim brunni megi ausa fjármunum til sameiginlegra þarfa og til einstakra gæluverkefna þeirra. Halda stjórnvöld að við tökum ekki eftir að eldra fólk er ýtt miskunnarlaust út af vinnumarkaði hvort sem það vill eða ekki, og sama er að segja um allar áhrifa stöður sem við gætum látið rödd okkar heyrast, og talað okkar máli og fylgt þeim eftir, við erum hvergi höfð með í ráðum þrátt fyrir yfirlýsingar bæði frá ríki og borg í þá veru. Halda stjórnvöld að við skiljum ekki að þau vinna ötullega að því að halda kjörum okkar við eða neðan við nauðþurftarmörk. (fátækramörk). Halda stjórnvöld að við finnum ekki fyrir að mjög er hert að okkur í heilbrigðismálum með niðurskurði og aukinni þátttöku í kostnaði við lækniþjónustu og í lyfjakaupum. Ég ætla ekki í þessu erindi mínu að tíunda hvert atriði þess sem stjórnvöld hafa vegið að okkar hagsmunum undanfarin misseri það hefur margt fólk úr okkar röðum gert með miklum myndarbrag bæði í ræðum og riti að undanfögnu. Þessum spurningum mínum er velt upp til að minna á að við þurfum að fylgjast vel með okkar hagsmunamálum og vinna að sem breiðastri samstöðu um þau. Munum það kemur ekkert að sjálfu sér, það þarf að berjast að alefli gegn óréttlætunni. Stjórnvöld hafa lýst því yfir að nú sé góðæri og jafnvel svo kröftuglega að ástæða sé til að bæta kjör fólksins í landinu og er þá mikið sagt. Eðlilegt er að spyrja, hvar góðærið skilaði sér, er það til okkar. Svarið er einfalt, NEI. Einhverjir sögðu fyrir síðustu alþingiskosningar og skráðu með stórum stöfum FÓLK Í FYRIRRÚMI hvaða fólk er það, getum við tekið það til okkar, eða erum við ekki í þeirra röðum, því getum við svarað hvert fyrir sig. Hvaða ráð höfum við til að verja hagsmuni okkar, þau eru fá en eitt vopn höfum við og því eigum við að halda hátt á lofti og nota út í ystu æsar til að knýja stjórnvöld til að skila því sem þau hafa ómaklega af okkur tekið og til að þrýsta á um frekari hagsbætur okkur til handa. Vopnið er kosningarétturinn, atkvæðin okkar. Við vorum 13-14 % af þeim sem voru á kjörskrá við síðustu alþingiskosningar, það munar um minna það vita stjórnámálflokkarnir. Það hefur komið í ljós að barátta samtaka eldri borgara og einstaklinga undanfarið hefur borið árangur með rökstuddri sanngirniskröfu og atkvæðisréttinn að vopni. Stjórnvöld hafa látið undan síga, þótt lítið sé. Látum ekki stjórnvöld villa okkur sýn með því að stinga upp í okkur einhverjum smá dúsum rétt fyrir kosningar og lofa okkur bót og betrun, látum þá vita það strax að það dugar ekki, við viljum leiðréttingu okkar mála nú þegar. Ekki er fráleitt að minnast

á að við getum ráðið því með samtökum okkar hvort þeirra stjórnámálafla sem berjast um völdin í Reykjavík eru við völd hverju sinni að minnsta kosti næsta kjörtímabil, tökum því vel eftir því hvernig þessir aðilar vinna að okkar hagsmunamálum í borginni þar liggja líka mikilvægir hagsmunir okkar. Látum þessa aðila heyra það að við fylgjumst vel með verkum þeirra og framvindu okkar velferðarmála. Góðir félagar að lokum vil ég beina þeim orðum til ykkar að fréttablaðið okkar er opið öllum félögum okkar og hvet ég ykkur til að senda skrifstofunni greinar og koma þannig skoðunum ykkar á framfæri, eða koma á skrifstofuna og ræða málin, ég hef lokið máli mínu ég þakka áheyrnina.

*Sverrir Björnsson.*

### **Borgarstjóri – góðir fundarmenn.**

Ég heiti Ragna Hjartar. Ég bý í húsi, sem Samtök aldraðra byggðu að Sléttuvegi 11-13, þar búa í dag 69 manns. Í nágrenninu búa fjölmargir eldri borgarar. Þessar íbúðir eru kallaðar þjónustuíbúðir, og eru það að vissu marki, en íbúarnir álíta að tilfinnanlega vanti einhverja hjúkrunarþjónustu í húsin. Eða næsta nágreni. Flestir aldraðri telja því, að heppilegt væri að koma upp þjónustuaðstöðu í nánnum tengslum við stærstu öldrunarkjarnana, þar sem heimaþjónustan, heimahjúkrun og endurhæfingar hjúkrunarrými væru helst undir einum hatti og í sem mestri nálægð við búsetu aldraðra. Við viljum öll geta búið heima hjá okkur sem lengst. Það er því álit mjög margra, að með þessu móti mætti lengja búsetu aldraðra um allt að 2-5 ár, og jafnframt spara opinberum aðilum verulegar fjárhæðir. Er ekki möguleiki á því að þessi mál verði athuguð vel í samvinnu borgar, ríkis og samstarfshóp aldraðra.

### **Fyrirspurn til borgarstjóra.**

Mikið hefur verið rætt um hvernig haga beri hagsmunabaráttur aldraðra í þjóðfélaginu, við óttumst nefnilega þann mikla samhljóm sem virðist vera milli stjórnámálflokka um að aldraðir séu vaxandi og mjög erfitt vandamál nýtiðar og sérstaklega framtíðar. Við erum nútíðin en börnin okkar eru framtíðin. Nútíðin verður okkur sífellt erfiðari og við hljótum að hafa áhyggjur af framtíðinni barna okkar vegna. Þar sem þau sjá ekki skóginn fyrir trjánum að því er virðist, verðum við að hugsa fyrir þau og taka upp hagsmunabaráttuna fyrir aldraða almennt. Þetta hefur verið mikið rætt meðal okkar, og margt borið á góma. Eitt hljómar hátt. Sérframboð aldraðra til alþingis og borgarstjórnar. Í ljósi þess að þú borgarstjóri góður hefur orðið allvíðtæka stjórnámála-reynsla og hefur sýnt það að þú getur talað tæpitungulaust um þau mál, þá langar mig til að spyrja þig í ljósi þess að þú hefur staðið í nokkurri forystu fyrir álíka

barátu, fyrir réttindum kvenna, sem áttu vissulega á brattan að sækja. Telur þú að það sé góð og heppileg leið fyrir okkur, að fara inn á þá braut að fara út í sérframboð aldraðar til þess að ná árangri í hagsmunabaráttu fyrir þá.

*Sigbrúður Jóhannesdóttir.*

### Fyrirspurn til borgarstjóra

Á ráðstefnu öldrunarráðs Íslands í febrúar 1996 kom fram í yfirgrips mikil og eftirtektarverðri ræðu þinni að þú teldir æskilegt að borgaryfirvöld hefðu samráð við samtök eldra fólks í borginni um hagsmuna – og velferðamál þeirra. Spurt: Er það gert og þá með hvaða hætti t.d. hvaða embættismenn eða hvaða stofnanir innan borgarkerfisins annast það.

Svar borgarstjóra við þessari spurningu; „Erfitt að ná til eldri borgara þar sem þeir eru dreifðir í mögum félagum“.

Og reyndar öll svör borgarstjóra á fundinum á voru pari við þetta svar.

*Sverrir Björnsson.*

### Staðan í dag

Þess vegna, m.a. hafa síðustu 20 árin eða svo verið illa skjólsöm fyrir samtökin og árangurs lítil í samstarfi við borgarfulltrúa, þótt hundruð atvika hafi verið á verkefnaskrá löngu tímabærra verka. Engu að síður var þessi tími aukaskattlagningar og skerðinga aldraðra að hálfu ríkjandi stjórnsmálaflokka.

Samtök aldraðra eru ekki þakklát stjórnsmála mönnum og konum síðasta áratug við liðveislu við hagsmuna verkefna eldri borgara samtímans eða framtíðar. Sem er nú sem áður, velferðar barátta fyrir hópa, sem eru búnir að leggja sitt af mörkum við að byggja upp menningar og menntunar styrk íslenskrar þjóðar, tæknivæða landið, frá ströndum til innstu dala og fjalatinda og líka tekið þátt í uppbyggingu heilbrigðiskerfis, almennra trygginga og margskonar tryggingarsjóða sem aldraðir eiga skilið að njóta af á æviköldi í stað eignarnáms og margsköttunar, eins og raun ber vitni..

En vonandi hefur, þrátt fyrir allt, hefur verið lagður kjölur að einhverri framtíðar björgunarfleytu.

Í Morgunblaðinu 3.4.2013 var viðtal við formann í tilefni þess að borgarfulltrúar Sjálfstæðismanna höfð lagt fram tillögu um að borgin einhenti sér í að hafa tiltækar lóðir fyrir þjónustuíbúðir fyrir aldraða, þar kom fram; að Samtökum aldraðra hefur gengið erfiðlega að fá lóðir í Reykjavík síðustu ár að sögn Erlings Garðars Jónassonar, formanns samtakanna. Hann segir að félagið hafi fengið lóðina Sléttuveg 29-31 afhenta í ársbyrjun 2009 og hófust framkvæmdir þá þegar og þeim lauk á áætluðum tíma og kostnaði sem var verulega undir áætluðu verði, þrátt fyrir kreppu og kulda á fasteignamarkaði.

„Síðan höfum við ekki fengið svör við óskum um lóðir sem við höfum sótt um,“ segir Erling í umfjöllun um mál þetta í Morgunblaðinu í dag. Hann sagði að um 4-5 lóðir væri að ræða. Samtökin eru 40 ára og hafa byggt 443 íbúðir, þar af 415 í Reykjavík og 28 íbúða hús í Kópavogi (28 íbúða húsið var afhent eigendum 15 ágúst síðastliðin er í næsta nágrenni Sunnuhlíðar í Kópavogi. Próforma samningur er gerður um 22 íbúða hús á sama svæði. Framkvæmdir þar hefjast væntanlega í byrjun febrúar 2014).

Brýnt er að bæta úr skorti á þjónustuíbúðum fyrir eldri borgara í Reykjavík, að sögn Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram tillögu í borgarstjórn um að borgarstjórnin samþykkti aðgerðir til þess að „auka lóðaframboð fyrir þjónustuíbúðir í þágu eldri borgara í Reykjavík“. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til á borgarstjórnarfundinum, að gripið yrði til aðgerða í því skyni að auka lóðaframboð fyrir þjónustuíbúðir í þágu eldri borgara í Reykjavík. Tillagan var ekki samþykkt en henni vísað til skoðunar starfshóps um innleiðingu húsnæðisstefnu borgarinnar.

Sjálfstæðismenn vilja að efnt verði til formlegra viðræðna við Búmenn hsf., Félag eldri borgara í Reykjavík, Samtök aldraðra og Hrafnistu/Sjómannadagsráð.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, fór yfir stöðuna í framsöguræðu sinni. Hann sagði brýnt að bæta úr skorti á þjónustuíbúðum fyrir eldri borgara Reykjavík og það gæti borgin gert í samstarfi við þau byggingarfélag eldri borgara, sem nú þegar hafa látið að sér kveða í málaflokknum og byggt mörg hundruð íbúðir.

Hann sagði einnig að til þess að slíkt átak sé mögulegt þurfi borgin að úthluta lóðum undir slíkar byggingar.

Þær þjónustuíbúðir, sem teknar hafa verið í notkun á undanförunum árum, eru á lóðum, hafi verið úthlutað á síðasta kjörtímabili. Engum lóðum hafi hins vegar verið úthlutað á þessu kjörtímabili. Fulltrúar Samfylkingar og Besta flokksins vildu ekki samþykkja tillöguna en lögðu til að henni yrði vísað til skoðunar starfshóps um innleiðingu húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar. Sjálfstæðismenn féllust á það en létu bóka: „Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að borgarstjórn hefði átt að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu um aukið lóðaframboð vegna þjónustuíbúða fyrir eldri borgara í Reykjavík í stað þess að vísa henni til skoðunar í borgarkerfinu enda allsendis óvíst hvenær þeirri skoðun lýkur. Þeir samþykkja hins vegar málsmeðferðartillöguna í trausti þess að unnið verði að málinu án tafar og niðurstaða fáist fljótlega, sem leiði til jákvæðrar niðurstöðu í þágu húsnæðismála eldri borgara í Reykjavík.“



# REGLUGERÐ

## um Framkvæmdasjóð aldraðra

1. gr.

*Hlutverk.*

Framkvæmdasjóður aldraðra skal stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt.

2. gr.

*Stjórn og hlutverk hennar.*

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra annast stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, sbr. 3. tölul. 5. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum. Þegar nefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í henni. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra fjallar um umsóknir um framlög úr sjóðnum og skal árlega gera tillögur til velferðarráðherra um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

3. gr.

*Rekstur, varsla og reikningshald.*

Framkvæmdasjóður aldraðra skal vera í vörslu velferðarráðuneytisins, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 125/1999. Rekstur sjóðsins skal vera aðskilinn frá öðrum verkefnum velferðarráðuneytisins. Kostnaður við rekstur, umsjón og stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra skal greiddur úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun velferðarráðherra. Reikningar Framkvæmdasjóðs aldraðra fyrir nýliðið ár skulu fullgerðir um leið og aðrir reikningar velferðarráðuneytisins. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar ríkisstofnana.

4. gr.

*Tekjur.*

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru:

- a. Tekjur af sérstöku gjaldi sem ríkisskattstjóri leggur á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Fjárhæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.
- b. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
- c. Vaxtatekjur, sbr. 10. gr. laga nr. 125/1999.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi tekna sjóðsins á því ári.

5. gr.

*Verkefni sem fjármagni skal varið til.*

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra skal varið til eftirtalinna verkefna:

- a. Bygginga þjónustumiðstöðva aldraðra, sbr. 2. tölul. 13. gr. laga nr. 125/1999. Framlag til þjónustumiðstöðva aldraðra má nema allt að 20% af heildarkostnaði enda liggja fyrir að um samkeppnishæft verð sé að ræða.
- b. Bygginga dagvista fyrir aldraða, sbr. 3. tölul. 13. gr. laga nr. 125/1999. Framlag til dagvista aldraðra má nema allt að 20% af heildarkostnaði enda liggja fyrir að um samkeppnishæft verð sé að ræða.
- c. Bygginga dvalarheimila og sambýla, sbr. 1. tölul. 14. gr. laga nr. 125/1999. Framlag til dvalarheimila og sambýla aldraðra má nema allt að 20% af heildarkostnaði með búnaði enda liggja fyrir að um samkeppnishæft verð sé að ræða.
- d. Bygginga hjúkrunarheimila eða hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum, sbr. 2. tölul. 14. gr. laga nr. 125/1999. Framlag til hjúkrunarheimila eða hjúkrunarrýma aldraðra má nema að 40% af heildarkostnaði með búnaði enda liggja fyrir að um samkeppnishæft verð sé að ræða.
- e. Að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem tilgreint er í a–d-liðum. Framlag vegna breytinga og endurbóta má nema allt að 40% kostnaðar vegna hjúkrunarheimila og hjúkrunarrýma en 20% vegna þjónustumiðstöðva aldraðra, dagvista, dvalarrýma og sambýla enda sé kostnaður innan eðlilegra marka.
- f. Viðhalds húsnæðis sem tilgreint er í b–d-liðum. Framlög samkvæmt þessum lið greiðast samkvæmt reglugerð velferðarráðherra um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.
- g. Framkvæmdasjóði aldraðra er heimilt að greiða þann hluta húsaleigu sem telst stofnkostnaður vegna leigu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða, sbr. 3. mgr. 9. mgr. laga nr. 125/1999.
- h. Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.

6. gr.

*Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra.*

Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra telst ríkisframlag. Framlag er óháð breytingum á vísitölu neysluverðs.

Sé framlags ekki vitjað innan tveggja ára frá dagsetningu tilkynningar um styrk fellur það niður.

Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra verður ekki veitt til verka sem þegar eru hafin eða eru fullunnin.

7. gr.

*Umsóknir um framlög.*

Auglýst skal eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra að jafnaði einu sinni á ári.

Umsóknir skulu vera á sérstökum eyðublöðum sem útbúin eru af velferðarráðuneytinu og nálgast má á heimasíðu ráðuneytisins. Umsóknareyðublöð ásamt fylgigögnum skulu send velferðarráðuneytinu innan frests sem getið er um í auglýsingu.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra er heimilt að óska eftir nánari upplýsingum um verkefni, framkvæmdaaðila og fjármögnum og senda umsóknir til umsagnar sérfræðinga á viðeigandi sviði.

8. gr.

*Afgreiðsla umsókna.*

Tillögur til úthlutunar skulu vera í samræmi við hlutverk sjóðsins, þörf á hverjum stað og áherslur í öldrunarþjónustu á hverjum tíma. Þá skal þess gætt að ekki séu gerðar tillögur um úthlutun vegna stofnana annarra en þeirra sem fengið hafa framkvæmda- og rekstrarleyfi velferðarráðherra, sbr. 16. gr. laga nr. 125/1999.

Endanlegar tillögur samstarfsnefndar um málefni aldraðra um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra skulu lagðar fyrir velferðarráðherra innan þriggja mánaða frá því að umsóknarfrestur rennur út. Tillögunum skal fylgja rökstuðningur.

Þeim sem hlýtur úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra samkvæmt ákvörðun velferðarráðherra skal gerð skriflega grein fyrir úthlutun og til hvaða verkefna hún nær. Hafi umsókn verið hafnað að öllu leyti eða að hluta til getur umsækjandi óskað eftir skriflegum rökstuðningi fyrir ákvörðun ráðherra.

Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

9. gr.

*Skuldbindingar.*

Að verkefni loknu skal sá sem hlýtur úthlutun skila samstarfsnefnd um málefni aldraðra lokaskýrslu og verður lokagreiðsla innt af hendi þegar endanlegt fjárhagsuppgjör liggur fyrir. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra er eftir atvikum heimilt að óska eftir áfangaskýrslu.

Velferðarráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við samstarfsnefnd um málefni aldraðra, að krefja þann sem framlag hefur fengið úr Framkvæmdasjóði aldraðra um endurgreiðslu framlagsins ef viðkomandi skilar ekki fullnægjandi skýrslu og uppgjóri.

Sá sem framlag hefur fengið úr Framkvæmdasjóði aldraðra skal vera í samráði við velferðarráðherra og samstarfsnefnd um málefni aldraðra ef fyrirhugað er að selja húsnæði sem veitt var framlag til eða nota það í þágu annarra en aldraðra. Getur ráðherra þá eftir atvikum krafist þess að framlagið verði endurgreitt nema tryggt sé að andvirði þess renni til sambærilegs úrræðis. Við mat á því hvort krefjast skuli endurgreiðslu skal líta til fjárhæðar framlagsins og hversu langur tími er liðinn síðan það var veitt.

10. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 12. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1033/2004, um Framkvæmdasjóð aldraðra.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Framkvæmdasjóði aldraðra er heimilt að verja fé úr sjóðnum til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða rekstrarárin 2011, 2012 og 2013, sbr. ákvæði til bráðabirgða VII í lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 4. janúar 2011.*

Guðbjartur Hannesson.

Anna Lilja Gunnarsdóttir.

---

**Munið aðalfund Samtaka aldraðra föstudaginn 15. maí kl. 13:30.**

# Mótun stefnu í þjónustu við aldraða til næstu ára

## Tillögur ráðgjafarhóps félags- og tryggingamálaráðherra Félags- og tryggingamálaráðuneytið

**Hrunin dönsk ofgnóttar stefnumótun er í notkun.  
75m<sup>2</sup> kröfur einstaklings rýmis hjúkrunarheimila er hér að finna.**

**Mars 2008**

### Mótun stefnu í þjónustu við aldraða til næstu ára

#### Inngangur

- I. Samið við sveitarfélög um yfirtöku allrar þjónustu við aldraða
- II Heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta sameinuð undir einni framkvæmdastjórn
- III Gæðaviðmið um félagslega þjónustu og skilvirkt eftirlit
- IV Öldruðum tryggð sjálfstæð búseta með fjölbreyttum aðgerðum og þjónustu
- V Nýjar áherslur við uppbyggingu hjúkrunarrýma og endurbætur á eldra húsnæði
- VI Breyttar forsendur að baki ákvörðunum um greiðslur aldraðra fyrir þjónustu
- VII Aðgerðir til að tryggja hæfa og stöðuga starfskrafta í öldrunarþjónustu
- VIII Bætt upplýsingaþjónusta við aldraða um þjónustu og úrræði
- IX Þjónusta verði í framtíðinni veitt á grundvelli þarfar en ekki aldurs

Í desember 2007 setti félags- og tryggingamálaráðherra á fót ráðgjafarhóp sem falið var að gera tillögur um helstu áherslur sem leggja bæri til grundvallar við mótun stefnu í málefnum aldraðra. Fulltrúar í ráðgjafarhópnum voru Margrét Margeirsdóttir formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, Reynir Ingibjartsson formaður Aðstandendafélags aldraðra, Guðmundur Rúnar Árnason bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, Brit Bieltvedt framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar og formaður Félags stjórnenda í öldrunarþjónustu og Jón Björnsson, sálfræðingur og fyrrum félagsmálastjóri Akureyrarbæjar. Ragnhildur Arnjótisdóttir, ráðuneytisstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu leiddi starf hópsins. Jafnfram störfuðu með honum Vilborg Ingólfssdóttir, skrifstofustjóri og Margrét Erlendsdóttir, deildarstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Ráðgjafarhópurinn hittist átta sinnum á fundum þar sem skipst var á gögnum og upplýsingum til grundvallar starfinu. Einnig stóð hópurinn fyrir hugmyndasmiðju um málefni aldraðra þar sem saman komu hátt í þrjátíu manns sem tengjast málum sem snerta hagsmuni aldraðra á einn eða annan hátt. Hugmyndasmiðjan nýttist til að draga saman fjölbreytt sjónarmið og áherslur varðandi þjónustu við aldraða, stöðu aldraðra í samfélaginu í dag og leiðir til úrbóta.

Hér á eftir fara tillögur ráðgjafarhópsins um þau atriði sem hann telur að félags- og tryggingamálaráðherra skuli helst leggja áherslu á við mótun og framkvæmd stefnu í málefnum aldraðra á næstu árum. Í stuttu máli ganga tillögurnar út á að þjónusta við aldraða sé nærþjónusta, ólíkir þjónustubættir þurfi að vera sem mest á einni hendi og að þeim verði best sinnt af sveitarfélögunum. Gengið er út frá rétti aldraðra til eigin heimilis og því skuli megináhersla lögð á að tryggja öldruðum fjölbreytt búsetuúrræði með víðtækri heimaþjónustu sem hæfir ólíkum aðstæðum og þörfum. Áhersla er lögð á að uppbygging nýrra hjúkrunarrýma taki mið af þessari hugsun og að allar aðstæður aldraðra á hjúkrunarheimilum verði aðlagðar þannig að þær líkist sem mest venjulegu heimili. Ein af forsendum þessa er að öldruðum sé tryggt efnahagslegt sjálfstæði.

Ráðgjafarhópurinn telur mikilvægt að grípa til markvissra aðgerða til að tryggja stöðugleika meðal starfsfólks í öldrunarþjónustu og að nægt framboð sé af hæfu og vel menntuðu starfsfólki. Einnig þurfi að bæta upplýsingar og aðgang að þeim um þjónustu og úrræði fyrir aldraða. Til lengri tíma litið telur ráðgjafarhópurinn að horfið skuli frá því að aðgreina fólk og þjónustu við það eftir aldri, sjúkdómum, fötlun eða öðrum skilmerkjum, heldur eigi þjónusta og stuðningur að taka mið af þörfum hvers. Í ljósi þessa vill ráðgjafarhópurinn að réttindi aldraðra verði tryggð í almennri löggjöf og að í framhaldi af því verði sérlög um málefni aldraðra lögð niður.



## **I. Samið við sveitarfélög um yfirtöku allrar þjónustu við aldraða**

Öll félagsleg þjónusta hins opinbera við aldraða verði á einni hendi og sá þáttur hennar sem frá síðustu áramótum er á ábyrgð félags- og tryggingamálaráðuneytisins,<sup>1</sup> færirst til sveitarfélaga ásamt tilsvarendi tekjustofnum. Strax á árinu 2008 verði gerðir tímabundnir samningar um yfirfærslu við þau sveitarfélög sem óska eftir að taka við málaflokknum hið fyrsta. Meðal annars verði stuðst við reynsluna af samningum um yfirtöku reynslusveitarfélaga á þjónustu við aldraða sem gerðir voru á grundvelli laga um reynslusveitarfélög nr. 82/1994. Samningar við einstök sveitarfélög geta verið mismunandi eftir aðstæðum og óskum samningsaðila og eins geta sveitarfélög sameinast um þjónustu þygi það henta en allir samningar þurfa að grundvallast á gæðaviðmiðum settum af félags- og tryggingamálaráðuneytinu, sbr. liður III. Samkvæmt yfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er stefnt er að því að þjónusta við aldraða verði með heildstæðu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga að fullu færð til sveitarfélaganna innan fárra ára.

## **II Heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta sameinuð undir einni framkvæmdastjórn**

Félagsleg heimaþjónusta og heimahjúkrun verði sameinuð og færð undir eina framkvæmdastjórn til að tryggja samhæfða þjónustu við aldraða í heimahúsum. Skoðuð verði staða heilsugæslustöðva í þessu sambandi og hvort hagkvæmt sé að þjónusta heilsugæslustöðva verði á forræði viðkomandi sveitarfélaga, en sveitarfélögum og ríki geta staðið til boða mismunandi leiðir til þessa í áður nefndum tímabundnum samningum. Þegar ríki og sveitarfélög gera síðar með sér heildstætt samkomulag um flutning málefna aldraðra til sveitarfélaga verði höfð hliðsjón af þeim samningum sem best hafa reynst.

## **III Gæðaviðmið um félagslega þjónustu og skilvirkt eftirlit**

Félags- og tryggingamálaráðuneytið skilgreini hið fyrsta gæðaviðmið og hafi skilvirkt eftirlit með því að sveitarfélög veiti öldruðum þá félagslega þjónustu sem lög og/eða tímabundnir samningar um yfirtöku sveitarfélaga á henni kveða á um. Með þessu móti verði skilgreindur grunnur þjónustusamninga sem sveitarfélög geti gert um þjónustu fyrir aldraða við aðra aðila.

## **IV Öldruðum tryggð sjálfstæð búseta með fjölbreyttum aðgerðum og þjónustu**

Öldruðum verði hér eftir gert kleift að búa á eigin vegum í heimahúsum, þrátt fyrir hrömun og þverrandi heilsu. Í þessu skyni þarf m.a. að opna leiðir til að fjármagna breytingar á

húsnæði aldraðra og úrbætur í aðgengismálum, hvort sem það er að frumkvæði einstaklinga eða sveitarfélaga. Rík áhersla verði lögð á að aldraðir fái haldið fullu sjálfstæði og manngri reisn og að þjónusta sem þeim er veitt sé á þeirra

- 1 Hér er um að ræða stofnkostnað og greiðslu á rekstrarkostnaði dvalarrýma, dagvistarrýma og þeirra hjúkrunarrýma sem rekin eru utan heilbrigðisstofnana í eigu ríkisins. Þessi þáttur þjónustunnar við aldraða, sem snýr að búsetu og umsjá, er hér skilgreindur með félagslegri þjónustu til aðgreiningar frá heilbrigðisþjónustu, en hún er eftir sem áður á hendi heilbrigðisráðuneytisins. eigin forsendum. Grundvöllur þessa er að öldruðum sé tryggt efnahagslegt sjálfstæði. Áhersla verði lögð á að tryggja öldruðum víðtæka hjúkrun og umsjá inni á heimilum sínum. Tryggt verði að öldruðum standi til boða fjölbreytt og að hluta til sérhönnuð búsetuúrræði í tengslum við þjónustu, ýmist í einkaeigu, með búseturétti eða á leigukjörom<sup>2</sup>. Samhliða eflingu heimaþjónustu verði dregið úr uppbyggingu hefðbundinna hjúkrunarheimila og fjármunir í þess stað nýttir til uppbyggingar þeirrar aðstöðu sem lýst var að ofan.
- 2 Hentugar einstaklings- og hjónaíbúðir, í sumum tilvikum með sérhönnuðum innréttingum, íbúðir í klösum sem tengjast þjónustukjarna með allt upp í sólarhringsþjónustu, sambýli o.s.frv.
- 3 Sem dæmi um fjölbreyttari leiðir má nefna leigufjármögnun, lán frá Íbúðalánasjóði, fjármagn frá lífeyrissjóðum í formi lána og hugsanlegs hlutfjár, auk aukins fjár frá Framkvæmdasjóði aldraðra, ríki og sveitarfélögum. 4 Þ.e. þrif, orkunotkun, kostnaður við heimilishald og eftir atvikum húsaleiga

## **V Nýjar áherslur við uppbyggingu hjúkrunarrýma og endurbætur á eldra húsnæði**

Við uppbyggingu nýrra hjúkrunarrýma, þar með talinna þeirra 400 hjúkrunarrýma sem núverandi ríkisstjórn hefur þegar ákveðið að hrinda í framkvæmd, verði horfið frá því stofnanafyrirkomulagi sem tíðkast hefur hingað til. Þess í stað verði byggðar litlar, heimilislegar einingar, þar sem áhersla er lögð á einkarými íbúanna, þjónustu sem miðast við þarfir og óskir þeirra og aðlaðandi og aðgengilegt umhverfi. Til að flýta fyrir og styrkja fjármögnun við byggingu og rekstur hjúkrunarrýma, þarf að skoða nýjar leiðir s.s. varðandi eignarhald og fjármögnun<sup>3</sup>. Þá verði gert átak í því að breyta og endurbæta húsnæði núverandi hjúkrunar- og dvalarheimila þannig að allir eigi kost á einbýli sem uppfyllir nútímakröfur um aðbúnað. Leggja þarf mat á kostnað vegna þessara breytinga, tryggja fé til verkefnisins og gera tímasetta áætlun sem miðast við að átakinu ljúki á 4-6 árum.

## **VI Breyttar forsendur að baki ákvörðunum um greiðslur aldraðra fyrir þjónustu**

Hin almenna regla varðandi greiðslur aldraðra fyrir þjónustu, þ.e. aðstoð við heimilishald, umönnun og hjúkrun, verði sú að þeir greiði almennan rekstrarkostnað við heimilishald4 en kostnaður sem til fellur vegna umönnunar af völdum hrörnunar eða sjúkdóma sé greiddur af hinu opinbera. Hér er einnig átt við þá sem búa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, enda verði litið svo á að þar sé um heimili fólks að ræða og greiðsluþátttaka íbúanna taki mið af því. Þar beri íbúar ábyrgð á húsnæði og upphaldi eins og kostur er, en annar kostnaður sé greiddur af hinu opinbera.

## **VII Aðgerðir til að tryggja hæfa og stöðuga starfskrafta í öldrunarþjónustu**

Þegar í stað verði undirbúnað nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni að tryggja til frambúðar, hæfa og stöðuga starfskrafta við heimaþjónustu og umönnun aldraðra. Efla þarf hlut sérmenntaðs starfsfólks í umönnunarstörfum. Jafnframt þarf að auka námsframboð fyrir ófaglært fólk sem vinnur við umönnun aldraðra eða hefur áhuga á að starfa á þeim vettvangi. Bæta þarf til muna launakjör starfsfólks í öldrunarþjónustu. Þjónustu í samræmi við mat á þörf, óháð aldri. Þessi breyting verði undirbúin með því að gera rétti fólks til þjónustu greinileg skil í löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga og löggjöf um heilbrigðisþjónustu. Í kjölfar nauðsynlegra lagabreytinga verði nógildandi sérlög um

aldraðra felld niður. Ekki verði sett að nýju sérstök lög um málefni aldraðra, heldur verði eins fljótt og auðið er tekið upp nýtt fyrirkomulag sem byggist á því að veita öldruðum sem öðrum

## **VIII Bætt upplýsingaþjónusta við aldraða um þjónustu og úrræði**

Til að stuðla að samþættri þjónustu við aldraða og tryggja að þjónusta sé veitt á því þjónustustigi sem best hæfir aðstæðum hvers og eins, þarf að bæta til muna aðgang aldraðra og aðstandenda þeirra að upplýsingum um þjónustu, óháð því hver veitir hana. Skapa þarf vettvang þar sem fólk getur á einum stað fengið upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu og úrræði sem standa til boða í heimabyggð viðkomandi.

## **IX Þjónusta verði í framtíðinni veitt á grundvelli þarfar en ekki aldurs**

Ekki verði sett að nýju sérstök lög um málefni aldraðra, heldur verði eins fljótt og auðið er tekið upp nýtt fyrirkomulag sem byggist á því að veita öldruðum sem öðrum þjónustu í samræmi við mat á þörf, óháð aldri. Þessi breyting verði undirbúin með því að gera rétti fólks til þjónustu greinileg skil í löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga og löggjöf um heilbrigðisþjónustu. Í kjölfar nauðsynlegra lagabreytinga verði nógildandi sérlög um aldraðra felld niður.



# Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til ársins 2017

## Helstu atriði

Reykjavíkurborg vill vera aldursvæn borg sem tekur mið af þörfum eldri borgara. Aðgengileg, aðlaðandi og hentug borg fyrir eldri borgara er aldursvæn borg. Stefna lýsir framtíðarsýn Reykjavíkurborgar á það hvernig mæta megji þörfum eldri borgara og um leið hvernig samfélaginu getur nýst sem best sá auður sem þeir búa yfir.

Stefna í málefnum eldri borgara er sýn til framtíðar og snýst um það hvernig borgin getur stutt við samfélagsþátttöku og virkni eldri borgara.

Það er ekki einungis aðgangur að þjónustu sem hefur afgerandi áhrif varðandi líðan og lífsgæði heldur að einstaklingurinn finni að hann sé sjálfráða og geti átt innihaldsrík samskipti við sína nánustu og aðra.

Það er því mikilvægt að þjónusta sé þannig uppbyggð að starfsfólk í heimaþjónustu sem og á stofnunum leggi sig fram um að virkja frumkvæði og fá fram vilja þeirra sem þjónustunnar njóta. Þannig verði þjónustan veitt á forsendum þess sem hana þiggur.

Til lengri tíma er lagt til að horfið verði frá því að aðgreina fólk og þjónustu við það eftir aldri, sjúkdómum, fötlun eða öðrum skilmerkjum, heldur eigi þjónusta og stuðningur að taka mið af

þörfum hvers og eins. Mikil áhersla er lögð á samráð við eldri borgara og fagfólk í öldrunarþjónustu þegar mótuð er stefna í málefnum eldri borgara. Jafnframt er tekið mið af niðurstöðum rannsókna í málaflokknum.

### Stefnt er að því að öll nærþjónusta verði á hendi heilsugæsla.Reykjavíkurborgar talin með þar.

Í þessari stefnu er tekið á helstu áhersluþáttum Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara. Kaflarnir eru:

1. Gæði og samráð
2. Forvarnir
3. Stuðningur til sjálfstæðrar búsetu
4. Fjölbreyttir búsetumöguleikar
5. Heilbrigðisþjónusta
6. Aðstandendur
7. Starfsfólk

Þjónusta við eldri borgara í Reykjavík skal vera af miklum gæðum og eiga þau gæði að birtast í allri þjónustu sem boðið er upp á. Þegar talað er um gæði er átt við að þjónusta skuli uppfylla fyrirfram gefin gæðaviðmið, að ákvarðanatataka um þjónustuna sé gagnsæ og jafnræðis sé gætt. Lögð er áhersla á áreiðanleika og öryggi.

### GREITT AÐGENGI AÐ ÞJÓNUSTU

Til að tryggja samfellu í þjónustu og að heildarsýn sé á einni hendi

um þarfir og óskir íbúa er stefnt að því að öll nærþjónusta verði á hendi Reykjavíkurborgar. Nú þegar er heimahjúkrun orðin hluti af heimaþjónustu borgarinnar og á næstu árum mun öll öldrunarþjónusta færast frá ríki til sveitarfélaga. Mikilvægt skref hefur því þegar verið stigið.

### ÁBENDINGAR UM ÞJÓNUSTU

Íbúar sem fá heimahjúkrun geta sent inn rafræna ábendingu um hvaðeina sem varðar þjónustuna sem þeir þiggja, hvort sem um kvörtun eða hrós er að ræða. Reykjavíkurborg mun á næstu árum taka upp slíkt ábendingarkerfi fyrir alla heimaþjónustu og með því er tryggt að ábendingar fari réttar boðleiðir og skili sér í bættri þjónustu.

### ÞJÓNUSTUHÓPUR ALDRAÐRA

Þjónustuhópur aldraðra í Reykjavík starfar samkvæmt lögum um málefni aldraða og er hlutverk hópsins að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu. Auk þess gerir hópurinn tillögur til sveitastjórna um öldrunarþjónustu og leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá Félagi eldri borgara, heilsugæslu og fulltrúar borgarinnar.

### STAÐA ALDRAÐRA Í REYKJAVÍK

Mannfjöldaspá fyrir Reykjavík sýnir að fjöldi 67 ára og eldri hækkar úr 10,9% fyrir árið 2012 í 12,5% árið 2018. Í rannsóknum sem gerðar hafa verið á högum og viðhorfum eldri borgara (2012) kemur fram að 70 % þeirra telja heilsufar sitt mjög oftár í viku og 87% segjast sjaldan eða frekar

*Taka skal mið af aðstæðum hverju sinni og veita þjónustu alla daga ársins allan sólarhringinn, þegar þörf er á, með sveigjanleika og öryggi að leiðarljósi.*





gott. Um 77% hreyfa sig einu sinni eða aldrei einmana. 66% taka þátt í félagsstarfi eldri borgara og 58% taka þátt í einhverju félagsstarfi öðru en félagsstarfi aldraðra. Íslendingar hafa jákvæðara viðhorf til aldraðra og minni áhyggjur af hækkanði meðalaldri þjóðarinnar en almennt gerist hjá öðrum Evrópuþjóðum. Þetta er meðal niðurstaðna nýrrar evrópskrar könnunar sem gerð var við upphaf Evrópuárs aldraðra 2012. Í lok desember 2012 voru Reykvíkingar 80 ára og eldri 4.804. Af þeim bjuggu 84,1% heima og 15,9% í dvalar- eða hjúkrunarrými.

Brýnt er að fjölbreyttur stuðningur til sjálfstæðrar búsetu sé fyrir hendi til að styðja fólk til að búa heima sem lengst þrátt fyrir heilsuþrengingum eða færniskerðingum. Lögð er áhersla á að þjónustan sé áreiðanleg, örugg og styðji við sjálfstæði íbúanna.

## HEIMAPJÓNUSTA

Heimajónusta skal taka mið af andlegri og líkamlegri heilsu sem og félagslegum aðstæðum notandans. Þjónustan þarf að taka mið af aðstæðum hverju sinni og veita skal þjónustu alla daga ársins

allan sólarhringinn eftir þörfum, með sveigjanleika og öryggi að leiðarljósi. Heimajónusta er ætluð þeim sem þurfa aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu og/eða heimahjúkrun. Íbúar þurfa eingöngu að greiða fyrir aðstoð við þrif og þvotta en öll önnur þjónusta er þeim að kostnaðarlausu. Reykjavíkurborg hefur sameinað að fullu alla heimajónustu þ.e. hjúkrun og félagslega þjónustu fyrir íbúa í Laugardal og Háaleiti. Velferðarráð hefur samþykkt að heimajónusta verði samþætt fyrir þau 60% notenda sem eftir eru.

## HVÍLDARINNLAGNIR

Eldra fólk sem býr á heimilum sínum getur þurft á stuttum innlögnum á hjúkrunarheimili að halda til að

endurhæfast, hvíla aðstandendur eða á meðan unnið er að því að auka þjónustu inn á heimilið. Reykjavíkurborg hefur aðgang að slíkum úrræðum og nýtir þau fyrir þá sem þurfa á þeim að halda

## ÍBÚÐIR FYRIR ALDRAÐA

Í Reykjavík hefur á undanföllum áratugum verið byggt talsvert af húsnæði sem er sérhannað m.t.t. þarfa eldri borgara varðandi aðgengi. Þessar íbúðir eru oft kallaðar þjónustuíbúðir en ekki er veitt sólarhringsþjónusta heldur er veitt þjónusta frá Velferðarsviði borgarinnar sem byggir á einstaklingsbundnu mati á þörf með sama hætti og til allra annarra íbúa borgarinnar. Reykjavíkurborg leggur áherslu á gott samstarf við þá sem byggja slíkar íbúðir.

*Í rannsókn Sigurveigar H. Sigurðardóttur (2010) má sjá að eldri borgarar kjósa að búa á eigin heimili eins lengi og kostur er og halda sjálfstæði sínu í lengstu lög. Þeir vilja þó eiga vöð á öruggri búsetuþjónustu þegar þeir treysta sér ekki lengur til að búa heima*



# Framkvæmdasjóður aldraðra

Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum árið 1981. Hefur hann það hlutverk að vinna að uppbyggingu öldrunarþjónustu á Íslandi. Fjármagn sjóðsins á að styrkja byggingu þjónustumiðstöðva fyrir aldraða. Sjóðurinn á einnig að styrkja nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem nýtt er fyrir þjónustu í málefnum aldraðra. Sjóðurinn styrkir einnig sveitarfélög og heilsugæslustöðvar til að þróa skipulagða heimaþjónustu fyrir aldraða. Ásamt því er sjóðnum ætlað að styrkja rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum ásamt öðrum verkefnum.

Framkvæmdasjóður aldraðra starfar nú á grundvelli laga um málefni aldraðra númer

125/1999 og er í dag í vörslu og umsjón félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Samkvæmt þessum lögum er honum ætlað að efla öldrunarþjónustu um allt land og stuðla að uppbyggingu í þágu aldraðra. Lögin kveða á um að fjármagni úr sjóðnum skuli varið til:

- Byggingar þjónustumiðstöðva og dagvistar-, og byggingar stofnana fyrir aldraða, en þó ekki til byggingar íbúða í eigu einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
- Að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu fyrir aldraða, að frátöldum íbúðum í eigu einstaklinga, félagasamtaka og sveitarfélaga.
- Viðhalds húsnæðis dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimila.
- Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.

Úthlutun úr sjóðnum fer alla jafna fram einu sinni á ári og má framlag úr honum nema allt að 40% af heildarkostnaði framkvæmdar.



*B- álma Borgarspítala var byggð með fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Eins og sjá má hefur arkitektinn suður svalir við öll dvalar rými, stærstar eru svalir við salí hverar hæðar á þessum sólríka stað. Glæsilegt. Því miður eru þessar svalir lítið nýttar, því gamlingjar fá ekki líknardvalir í þessu húsi sínu lengur. Sjóðir aldraðra hafa löngum verið látnir hverfa til óskilda verka.*

Í þessari skýrslu verður birt yfirlit yfir samþykktar úthlutanir úr sjóðnum frá árinu 2000 og fram á árið 2010, og gefur skýrslan því yfirlit yfir úthlutanir síðustu 11 ár. Skýrslan er byggð á gagnagrunni sem skýrsluhöfundur setti saman með úr upplýsingum frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu, heilbrigðisráðuneytinu og Tryggingastofnunar ríkisins, en sjóðurinn var áður í vörslu heilbrigðisráðuneytisins og þar áður í umsjón Tryggingastofnunar ríkisins. Í skýrslunni verða úthlutanir úr sjóðnum flokkaðar eftir mismunandi breytum og settar fram á eins auðskiljanlegan máta og frekast er kostur í því auginni að lesendur geti kynnt sérstaðreyndir málsins á fljótlegan og auðvelda hátt.



# Eigendur taka við húsunum





## Samtök aldraða

# Aðalfundur Samtaka aldraða 2014

Verður haldin í Safnaðarheimili Grensáskirkju 15 maí 2014. kl. 13.30

1. Setning aðalfundar.
2. Kjör fundarstjóra og ritara.
3. Skýrsla/Ávarp formanns.
4. Skýrsla gjaldkera/ Endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta ár lagðir fram.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera.
6. Kosningar stjórnar og varamanna.
7. Ákveðið árgjald næsta árs.
8. Lagabreytingar. Sjá tillögu síðasta aðalfundar.
9. Önnur mál. / Lesin fundargerð aðalfundarins.

### Tillaga um breytingu á 19 gr. samþykktu Samtaka aldraða.

Á aðalfundi 2013 kynnti Erling Garðar Jónasson formaður i hugmynd tillögu um breytingu á 19. gr, en þar sem tillagan var ekki kynnt fyrir fundinn var ekki hægt að taka hana til afgreiðslu fyrr en á næsta aðalfundi. Hún er því lögð fram nú til kynningar og afgreiðslu. Með þessari tillögu er lagt til að aftur verði horfið til samþykktar sem gerð var árið 2000.

*„Stjórn félagsins skal skipa 5 mönnum og öðrum 3 til vara. Stjórnin skal kosin á aðalfundi. Stjórnarmenn skulu kosnir skriflega ef fleiri eru í kjöri, samkvæmt tilnefningu. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Kjörtímabil stjórnar er 3 ár, þó svo að úr stjórn þeirri sem fyrstu er kosin eftir samþykktum þessum skal fyrsti stjórnarmaður ganga út eftir eitt ár og tveir stjórnarmenn eftir tvö ár og skal hlutkesti ráða. Um úrgöngu varamanna gilda sömu reglur, þó þannig að einn gengur úr varastjórn á ári hverju. Restin er eins og stendur í samþykktum frá 2006“.*

Verði ofangreind tillaga samþykkt verða nýjar heildar samþykktir lagðar fyrir Velferðarráðuneyti til samþykktar.  
Virðingarfyllst  
Stjórn Samtaka aldraða.